

Nd. **611. Frumvarp til laga** [288. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Stað í Suðureyrarhreppi.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þórði Ágústi Ólafssyni jörðina Stað í Suðureyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu á því verði, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum. Andvirði hennar skal varið til að reisa eða kaupa embættisbústað fyrir prest á Suðureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Staður í Suðureyrarhreppi í Súgandafirði er prestssetursjörð, en þar hefur þó ekki setið prestur nú um nokkurra ára skeið. Þeir prestar, sem gegnt hafa þjónustu í Staðarprestakalli að undanfögnu, hafa setið á Suðureyri, hafi prestakallinu ekki verið þjónað af presti nærliggjandi prestakalls.

Árið 1938 hóf Þórður Ágúst Ólafsson búskap á jörðinni hálfri, en frá 1940 hefur hann nýtt jörðina að heita má að fullu þar sem hlutaðeigandi sóknarprestur stundaði ekki búskap að heitið getur.

Enda þótt Þórður Ágúst hafi setið jörðina svo lengi hefur honum aldrei verið byggð jörðin né hann fengið tryggingu fyrir áframhaldandi búsetu.

Um og fyrir 1965 þótti brýna nauðsyn til bera að endurnýja embættisbústaðinn og var nýr bústaður þá reistur á Stað. Sat þáverandi sóknarprestur í þeim bústað þar til hann lét af þjónustu í Staðarprestakalli.

Í ársbyrjun 1975 brann eldra íbúðarhúsið, en síðan hefur embættisbústaðurinn verið íbúðarhús bóndans á jörðinni, Þórðar Ágúst Ólafssonar, enda eins og fyrir segir enginn prestur setið á Stað síðan.

Tilmæli hafa komið úr héraði um að aðsetur prests verði formlega flutt að Suðureyri. Sú er og skoðun kirkjuyfirvalda.

Undirtektir hafa ekki fengist fyrir fjárveitingu í nýjan embættisbústað á Suðureyri nema þeim eldri á Stað verði komið í verð.

Ekki virðist eðlilegt að aðskilja eignarhald á íbúðarhúsi annars vegar og peningshúsum og jörð hins vegar. Þórður Ágúst Ólafsson hefur tjáð sig reiðubúinn til að kaupa jörðina ásamt húsakosti, ef um semst.

Flutningur þessa frv. hefur tvíþættan tilgang: Annars vegar að greiða fyrir því, að orðið verði við óskum heimamanna um flutning á prestssetri, og hins vegar að tryggja áframhaldandi búsetu á jörðinni.

Það skal tekið fram, að Þórður Ágúst Ólafsson hefur gert viðtækar umbætur á jörðinni, þrátt fyrir hina ótryggu búsetu, og ekki er hægt við því að búast að svo geti fram haldið.